

Reykjavík, 16. mars 2017

R2017030024/12.8.4

Alþingi, nefndarsvið
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Kt. 420169-3889

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum - 86 mál, þskj. 143

Ríkisskattstjóri þakkar fyrir tölvupóst sem barst 7. mars 2017 þar sem gefinn er kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Með frumvarpinu er lagt til að 4. tölul. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, falli niður. Í 2. mgr. 8. gr. er fjallað um skattskylda vexti, afföll og gengishagnað utan atvinnurekstrar. Í 4. tölul. 2. mgr. segir að telja skuli til tekna innleystan gengishagnað af hvers konar innlánsreikningum og kröfum í erlendri mynt á því ári sem innlausn á sér stað og skal tekjufærslan miðast við mismun á kaupgengi hlutaðeigandi erlends gjaldeyris frá 1. janúar 2010 eða síðar og á úttektar- eða greiðsludegi. Þá er heimilt að jafna saman gengishagnaði og gengistapi hvers innlánsreiknings fyrir sig innan ársins.

Í 7. gr. laga nr. 90/2003 er almennt ákvæði um skattskyldar tekjur. Í 3. tölul. C-liðar 7. gr. segir að vextir, verðbætur, afföll og gengishagnaður séu skattskyldar tekjur, sbr. 8. gr. laganna. Almenna reglan er því að gengishagnaður er skattskyldur, skv. 3. tölul. C-liðar 7. gr. Fara þarf síðan í 8. gr. til að finna hvernig gengishagnaður er ákvarðaður.

Með því að fella út 4. tölul. 2. mgr. 8. gr. er því verið að fella út hvernig reikna skuli skattskyldan gengishagnað en áfram stæði í 3. tölul. C-liðar 7. gr. að gengishagnaður væri skattskyldur. Ríkisskattstjóri telur því að ef undanþiggja eigi þennan gengishagnað skattlagningu þá væri tryggara að hafa einnig í frumvarpinu ákvæði um að við 3. tölul. C-liðar 7. gr. bætist „þó ekki gengishagnað af innlánsreikningum sem ekki er tengdur atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi“.

Ríkisskattstjóri vill vekja athygli á að ef þessi gengishagnaður yrði undanþeginn skattlagningu væri það frávik frá þeirri almennu reglu að ef maður selur eign fyrir fleiri krónur en hann lagði fram til að afla hennar þá verða til skattskyldar tekjur. Mælieiningin til grundvallar


skattlagningu er í öllum tilvikum íslenskar krónur.

Við útreikning á skattskyldum tekjum er í dag ekki verið á byggja á breytingu sem orðið hefur á kaupmætti. Verðleiðréttingar í skattskilum voru felldar niður með lögum nr. 133/2001.

Verðbætur eru skattskyldar tekjur þó að í þeim felist eðli málsins samkvæmt aðeins að verið er að viðhalda sama „raunvirði“. Verðbætur fela því í sér leiðréttingar við aðlögun í verðmætamælingum. Ef vilji er til að undanþiggja almennar verðbætur skattlagningu þá felur það í sér veigamikla breytingu. Þá er rétt að vekja athygli á að lagabreyting þessi gæti leitt til ósamræmis í skattlagningu þar sem söluhagnaður erlendra eigna er oft að hluta eða jafnvel öllu leiti vegna gengisbreytinga. Þannig gæti t.d. verið um að ræða söluhagnað af erlendum sumarbústað þó svo söluverð hans sé jafnt kaupverði í evrum talið. Sama má segja um sölu erlendra hlutabréfa.

Virðingarfyllst


Jón Á. Tryggvason


Birgitta Arngrímsdóttir